

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi - Geirþrúðarhagi 6.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 15. maí 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Geirþrúðarhaga 6.

Breytingin felur í sér að bílastæði stækka um 1,5 m til vesturs og að bil milli bílastæðalóða verði 3 m í stað 8 m. Stækkar því lóðin úr 1856 m² í 1889 m². Hæðarkótar lækka fyrir Geirþrúðarhaga 6A og 6B.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 29. júlí 2019,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 30. júlí 2019